

Fundur í skólaráði miðvikudaginn 2. maí 2012.

Mættir: Valdís Ásgeirsdóttir, Gunnar Kristjánsson, Anna Kristín Magnúsdóttir, Unnur Birna Þórhallsdóttir, Herdís Björnsdóttir, Björg Ágústsdóttir og Anna Bergsdóttir.

1. **Eineltisteymi.** Farið yfir starf eineltisteymis. Útbúið hefur verið skráningarblað fyrir tilkynningar um hugsanlegt einelti og þar er ferill máls einnig skráður ásamt aðgerðum. Teymið vinnur í því að finna viðeigandi efni og myndir sem hægt er að nýta fyrir grunnskólanemendur um einelti og afleiðingar þess.
2. **Skóladagatal.** Drög að skóladagatali kynnt, farið yfir bréf frá Menntamálaráðuneyti um túlkun á ýmsum atriðum varðandi 170 kennsludagana annars vegar og 10 skóladagana hins vegar sem eru til ráðstöfunar fyrir annað en kennslu. Prófdagar teljast ekki til kennsludaga og þarf því að taka þá af 10 dögum. Þetta leiðir til þess að fækka þar prófdögum á næsta ári. Áherslur í námsmati eru að breytast með tilkomu nýrrar aðalnámskrár og verður meiri áhersla lögð á leiðsagnarmat, símat og jafningjamat fremur en stærri próf. Endanlegt skóladagatal verður lagt fyrir skólaráð um mánaðarmót maí/júní.
3. **Sundkennsla.** Umræður um sundkennslu og hvort einhverjir möguleikar séu á lengri lotum í sundkennslu
4. **Ný viðmiðunarstundaskrá** skv. nýrri aðalnámskrá kynnt .
5. **Metnaður.** Framhaldsumræða um hvernig hægt er að efla metnað í skólasamfélaginu . Tengja þarf þessa umræðu við setningu skólastefnu og innihald hennar og við umfjöllun um skólamál á fyrirhuguðu íbúðingum en þar má gera ráð fyrir að umræða tengd skólastefnu verði fyrirferðarmikil. Fyrir næsta fund eiga fulltrúar í skólaráði að koma með hugmyndir um hvaða leiðir eru færar í skólastarfinu til að auka metnað.
6. **Önnur mál.** Rætt um leyfi starfsmanna á skólaárinu svo og hugmyndir um skólabúninga.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17.20

Anna Bergsdóttir ritari